

# Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 17. maí 2004

Fundur haldinn í Skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 17. maí 2004 kl. 17,30 í félagsheimilinu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Guðmundur Óskar Skarphéðinsson Melabraut 15, Blönduósi, sækir um leyfi til að breyta stofuglugga á húsi sínu Melabraut 15.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

2. Erindi: Bæjarráð Blönduóssbæjar óskar eftir afgreiðslu hjá Skipulags- og byggingarnefnd á breyttum lóðamörkum fyrir Norðurlandsveg 1, Blönduósi sbr. bréf frá Tvistinum ehf.. Byggingarfulltrúi leggur fram uppdrátt að umræddum breytingum.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

3. Erindi: Bæjarráð Blönduóssbæjar óskar eftir afgreiðslu Skipulags- og byggingarnefndar á breyttum frágangi og notkun á lóð við Norðurlandsveg 2 á Blönduósi, sbr. bréf frá KH hf.. Byggingarfulltrúi leggur fram uppdrátt að umræddum breytingum.

Afgreiðsla: Skipulags- og byggingarnefnd telur að meiri metnað hefði mátt leggja í bílastæðamál við nýjan Essoskála áður en í framkvæmdir var ráðist. Farsælast hefði verið að festa kaup á lóð 3b við Norðurlandsveg. Nú standa aðilar frammi fyrir skorti á bílastæðum fyrir stærri bifreiðar og sú lausn sem byggingarfulltrúi hefur lagt til er neyðarbrauð sem ekki verður komist hjá að kyngja. Erindið samþykkt.

4. Erindi: Svavar H. Jóhannsson, Litladal Svínavatnshreppi, sækir um leyfi til að flytja rafmagnsverkstæði við Norðurlandsveg 4, frá Blönduósi að Litladal.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

5. Önnur mál: Engin mál komu fram.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jón Sigurðsson  
Guðmundur Ingbórsson  
Hólmfríður Jónsdóttir  
Rolf Árnason

Gauti Jónsson  
Jakob Þór Guðmundsson  
Bragi Árnason